

Siglingastofnun Íslands  
Sigurður Sigurðarson  
Vesturvör 2  
200 KÓPAVOGUR

2001040007  
3709; 9310

Reykjavík, 15. júní 2001  
/--

**Efni: Uppbygging eldri sjóvarnar við fjörubakka á Framnesi á Grundarfirði,  
Eyrarsveit. Ákvörðun um matsskyldu.**

Vísað er til erindis Siglingastofnunar dags. 30. mars 2001 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt fyrirhuguð uppbygging eldri sjóvarnar á fjörubakka á Framnesi á Grundarfirði samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og liðum 10 h og 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar sveitarstjórnar Eyrarsveitar, Breiðafjarðarnefndar og Náttúruverndar ríkisins. Umsagnir bárust frá Eyrarsveit með bréfi dags. 20. apríl 2001, Breiðafjarðarnefnd með bréfi dags. 8. júní 2001 og Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 23. apríl 2001. Svör við umsögnum og frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 9. maí 2001. Frekari umsögn Náttúruverndar ríkisins barst með bréfi dags. 21. maí 2001.

**FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA**

**Fyrirhuguð framkvæmd**

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að fyrirhugað sé að byggja upp vörn sem áður hafi verið hróflað upp, m.a. úr sprengdu efni úr dýpkun. Áætluð lengd yst á Framnesi og á völdum köflum verði um eða yfir 250 m og gert verði ráð fyrir að sjóvörnin þurfi að ná 50-60 cm yfir núverandi veg. Áætluð efnispörf til framkvæmdanna er 2000 m<sup>3</sup>. Gert sé ráð fyrir að vinna verkið samhliða stækkun Stórubryggju og taka efni úr sömu námum og í því verki. Sprengdur kjarni og smæsta grjótið verði unnið í námu þar sem samhliða sé verið að jafna land undir nýtt iðnaðarsvæði. Annað grjót verði tekið úr opinni námu á Rifi.

**ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA**

**Almennt**

Í umsögnum sveitarstjórnar Eyrarsveitar og Breiðafjarðarnefndar kemur fram að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki talin matsskyld. Náttúruvernd ríkisins óskaði eftir frekari upplýsingum um

umfang og staðsetningu sjóvarnargarðs. Í frekari umsögn Náttúruverndar ríkisins kemur fram það álit að framkvæmdin sé ekki þess eðlis að hún skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

### **Landbrot**

Í umsögn sveitarstjórnar Eyrarsveitar kemur fram að framkvæmdirnar eru fyrirhugaðar til að forða landbroti, þ.e. að land í núverandi mynd eyðist með þeim afleiðingum að tjón geti hlotist á mannvirkjum.

### **Fjörusvæði**

Í umsögn Náttúruverndar ríkisins kemur fram að hafa beri í huga að fjara sé viðkvæmt búsvæði og því beri að hafa varann á við framkvæmdirnar. Halda verði raski í lágmarki og eins sé mikilvægt að ráðstafanir séu gerðar til að tryggja fólki gott aðgengi að fjörunni.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að við hönnun sjóvarna sé leitast við að hafa sem allra minnst inngríp í náttúruna, laga sjóvörnina að fjörunni og takmarka hæð hennar þó þannig að hún uppfylli sett markmið. Víða hafi sveitarstjórnir bætt aðgengi að fjörum, þar sem það hefur verið æskilegt.

### **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Um er að ræða uppbyggingu eldri sjóvarnar við fjörubakkann á Framnesi á Grundarfirði. Samkvæmt 6. gr. og liðum 10 h og 13 a í 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfiáhrifum ber að tilkynna fyrirhugaða framkvæmd til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.

Fyrirhugaðar framkvæmdir taka til afmarkaðs svæðis, efnismagn er óverulegt og munu framkvæmdirnar ekki hafa verulegt rask í för með sér enda verði staðið að þeim eins og kemur fram í svörum framkvæmdaraðila.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð uppbygging eldri sjóvarnar við fjörubakkann á Framnesi á Grundarfirði, Eyrarsveit sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Eyrarsveitar samkvæmt 27. gr. skipulags- og byggingalaga nr. 73/1997, m.s.b. Samkvæmt skipulagsreglugerð skal í aðalskipulagi gera grein fyrir þegar byggðum og fyrirhuguðum varnavirkjum vegna sjávarflóða. Þær framkvæmdir sem hér um ræðir kalla að mati Skipulagsstofnunar ekki á sérstaka skipulagsgerð eða breytingu á skipulagi, en við gerð nýs aðalskipulags fyrir sveitarfélagið þarf að gera grein fyrir þegar byggðum og fyrirhuguðum sjóvörnum í samræmi við kröfur skipulagsreglugerðar.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 16. júlí 2001.

Stefán Thors

Jakob Gunnarsson

Afrit: Umhverfissráðuneytið, Eyrarsveit, Breiðafjarðarnefnd, Náttúruvernd ríkisins